

SAMKOMULAG UM BREYTINGU OG UPPFÆRSLU Á KJARASAMNINGI

Aðilar kjarasamningsins

Aðilar kjarasamningsins eru Samtök atvinnulífsins og Stéttarfélag byggingafræðinga, Stéttarfélag tölvunarfræðinga og Verkfræðingafélag Íslands.

Inngangur – megininntak

Vinnutímaákvæði kjarasamnings þessa hafa verið aðlöguð að vinnutímaákvæðum kjarasamninga skrifstofufólks á almennum vinnumarkaði. Í framkvæmd hefur dagvinnutími víða verið samræmdur milli þeirra starfsmanna sem starfa eftir kjarasamningi þessum og þeirra sem starfa eftir kjarasamningum skrifstofufólks.

Vinnutímastytting kemur einungis til framkvæmda þar sem virkur vinnutími (sá tími sem starfsmaður er við störf) er lengri en 35,5 stundir að jafnaði á viku. Neysluhlé og önnur hlé frá vinnu vegna ýmiss konar persónulegra erinda teljast ekki til virks vinnutíma í þessu sambandi.

Heimilt er að samræma dagvinnutíma milli starfsmanna hjá sama atvinnurekanda, sem taka kjör samkvæmt öðrum kjarasamningum sérfræðinga og skrifstofufólks, og ákvarða annan dagvinnutíma starfsmanns. Eðlilegt er að tekið sé samtal við starfsmenn þar sem svo háttar til.

Margir stjórnendur og sérfræðingar hafa alla jafna töluvert svigrúm til að skipuleggja vinnutíma sinn og eru fyrst og fremst ráðnir til að sinna tilteknum verkefnum og fá fyrir það föst mánaðarlaun. Yfirvinna er oft innifalin í mánaðarlaunum og/eða vinnutími sveigjanlegur. Rétt er að samtal eigi sér stað þar sem svo háttar til um bætta nýtingu vinnutíma gegn styttri viðveru svo samræma megi betur atvinnu- og fjölskyldulíf.

Vinnutími starfsfólks í hlutastarfi sem var með lengri vinnutíma en skv. uppfærðum ákvæðum kjarasamnings styttist hlutfallslega nema samkomulag sé um hækkað starfshlutfall.

Uppfærsla á kjarasamningi

Kjarasamningurinn uppfærist eftirfarandi:

2.1 Dagvinna

Vinnutími ræðst af samkomulagi og eðli starfs.

2.1.1 Vikulegur virkur dagvinnutími, miðað við fullt starf, er 35,5 stundir að meðaltali á viku (35 klst. og 30 mín.) unninn á tímabilinu kl. 07:00 til 18:00 frá mánudegi til föstudags, að báðum dögum meðtöldum. Sjá nánar bókun með samningi þessum um vinnutímastyttingu.

Heimilt er að samræma dagvinnutíma milli starfsmanna hjá sama atvinnurekanda, sem taka kjör samkvæmt öðrum kjarasamningum sérfræðinga og skrifstofufólks, og ákvarða annan dagvinnutíma starfsmanns en greinir í 1. mgr.

Virkur vinnutími telst sá tími sem starfsmaður er við störf.

Samkomulag ræður lengd og fyrirkomulagi neysluhléa og eftir atvikum annarra hléa frá vinnu.

Hádegishlé, umfram greidd neysluhlé, telst ekki til greidds vinnutíma.

Dæmi: Ef greidd neysluhlé eru 1 klst. og 15 mín. á viku eða 15 mínútur að jafnaði á dag er greiddur dagvinnutími 36,75 klst. að meðaltali á viku.

Ef unnið er fjóra daga vikunnar frá 08:00 til 16:00 og einn dag vikunnar frá 08:00 til 15:15, hálf tími tekinn í hádegishlé og 15 mín. á dag í neysluhlé, er virkur vinnutími á viku 35,5 stundir.

Ef hlé eru lengri lengist viðvera sem því nemur.

EO

TJR
GMS
MAB

2.1.2 Heimilt er að haga vinnu með öðrum hætti en í kafla þessum greinir með samkomulagi starfsmanns og atvinnurekanda, m.a. með sveigjanlegum vinnutíma báðum aðilum til hagsbóta.

1.2 Dagvinnutímakaup og dagkaup

1.2.1 Dagvinnutímakaup starfsmanns er fundið með því að deila tölunni 160 í mánaðarlaun fyrir dagvinnu.

(Deilitalan miðast við 36,75 stunda dagvinnuviku. Hafi verið samið í ráðningarsamningi um aðra dagvinnuskyldu m.v. fullt starf breytist deilitalan samsvarandi.)

1.2.2 Dagkaup starfsmanns er fundið með því að deila tölunni 21,67 í föst mánaðarlaun.

2.6 Vaktavinna

2.6.6. Fyrir hvern tíma umfram full vinnuskil (umsaminn greiddur vinnutími) að meðaltali á viku skv. gr. 2.1. greiðist yfirvinnukaup, sé ekki um annað samið.

Bókun um vinnutímastyttingu

Með kjarasamningi þessum eru vinnutímaákvæði hans aðlöguð að því sem gerist í kjarasamningum skrifstofufólks á almennum vinnumarkaði.

Eigi síðar en 1. apríl 2021 verður virkur dagvinnutími 35,5 stundir að jafnaði á viku. Þar sem að virkur dagvinnutími er lengri skulu atvinnurekendur hafa samráð við starfsfólk um tillögu að útfærslu vinnutímastyttingar á grundvelli eftirfarandi valkosta:

- a. Hver dagur styttest um 9 mínútur
- b. Hver vika styttest um 45 mínútur
- c. Safnað upp innan ársins
- d. Vinnutímastytting með öðrum hætti

Niðurstaða skal hafa náðst um framkvæmd vinnutímastyttingar, þar sem við á, eigi síðar en 31. mars 2021. Náist ekki niðurstaða á vinnustað um vinnutímastyttinguna styttest vinnutími starfsfólks hvern dag frá og með 1. apríl 2021 um 9 mínútur á dag m.v. fullt starf.

Atvinnurekanda er heimilt vegna skipulags og nauðsynlegrar samræmingar á vinnustað að tilkynna starfsmanni með a.m.k. mánaðar fyrirvara um breytt fyrirkomulag vinnutímastyttingar.

Ákvæði kjarasamnings þessa um styttri virkan vinnutíma hefur ekki sjálfkrafa áhrif á viðveru starfsmanns á vinnustað. Á mörgum vinnustöðum hefur viðgengist að starfsmenn njóti ákveðins sveigjanleika vegna persónulegra erinda á vinnutíma. Þar sem starfsmenn halda launum í þessum tilvikum er virkur vinnutími starfsmanns styttri sem þeim nemur. Starfsmenn eiga rétt á vinnutímastyttingu í þessum tilvikum ef virkur vinnutími með tilliti til þessa sveigjanleika er lengri en 35,5 stundir að jafnaði á viku.

Margir stjórnendur og sérfræðingar hafa alla jafna töluvert svigrúm til að skipuleggja vinnutíma sinn og eru fyrst og fremst ráðnir til að sinna tilteknum verkefnum og fá fyrir það föst mánaðarlaun. Yfirvinna er oft innifalin í mánaðarlaunum og/eða vinnutími sveigjanlegur. Rétt er að samtal eigi sér stað um bættu nýtingu vinnutíma gegn styttri viðveru svo samræma megi betur atvinnu- og fjölskyldulíf.

EÖF
TÖE
MHB
JFS

Reykjavík, 5. mars 2021

F.h. Samtaka atvinnulífsins

Andriundur M. Andriundsson
Maj Britt H. Bui

F.h. Stéttarfélags byggingafræðinga

Bruni E.

F.h. Stéttarfélags tölvunarfræðinga

Jón F. Steensen

F.h. Verkfræðingafélags Íslands

Ólafur Jónsson